



Bæfir

Aðal bæfir í hverri guðsþjónustu er shemoneh esreh eða átján liða bæfir sem er meira en 200 ára gömul. Þegar farið er með hana standa allir á fætur og snúa í átt að Jerúsalem. Einnig er shema-bæfir mikilvæg enda helsta trúarjátning gyðinga. Shema-bæfirna er að finna í fimmtu Mósebók: „Heyr Ísrael! Drottinn er vor Guð; hann einn er Drottinn!“ (Biblían, 1981, 5M 6.4).



Þegar gyðingar biðjast fyrir og á hátíðisdögum bera þeir bæfarsjal yfir axlirnar. Við bæfarsgjörðir sínar bera sumir gyðingar ákveðna hluti og klæði eins og bæfarsjal sem er oftast úr ull eða silki og er kögur á fjórum hornum þess. Einnig bera þeir tvo litla svarta leðurhólka, annan á vinstri hendinni og hinn á enninu. Hólkar þessir nefnast Tefillin sem merkir að vernda og eru því verndargripir. Inn í þessum hólkum er lítil pergamentsroðla sem inniheldur kafla úr Tóra.

Mósebækurnar eru kaflar í Tóra, lögmálinu, helsta trúarriti gyðinga.

Pergamennt er bókfell eða lítið skinn til að skrifa á.

Stokkur sem nefnist mesusah, með upprúllaðri pergamentsroðlu, er hengdur á hurðarstaf útidyra á heimilum gyðinga og margir þeirra snerta hann þegar þeir ganga framhjá. Á pergamentsroðluna er búið að skrifa shema-bæfirna. Gyðingar vilja líka gjarnan að shema-bæfir sé það síðasta sem þeir segja áður en þeir deyrja.

Spurningar

1. Hvað er shemoneh esreh?
2. Hvaða klæði bera gyðingar þegar þeir biðjast fyrir?
3. Hvað er *tefillin* og hvernig nota gyðingar það?
4. Hvað er *mesusah* og hvernig er það notað?
5. Þekkir þú einhverja verndargripa sem eru vinsælir á Íslandi? Segðu frá þeim.